

3. gr.

178

Auglýsing þessi öðlist gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, 30. sept. sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

179

1. okt.

um breyting á reglugerð nr. 53 7. marz 1945, um gjöld til utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Fyrir embættisverk þau, sem framkvæmd eru í utanríkisráðuneytinu eða af fulltrúum þess erlendis, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá reglugerðar nr. 53 7. marz 1945 með 100% viðauka.

Þó skulu gjöld þau, sem ákvörðuð eru sem ákveðinn hundraðshluti (prósenta) af upphæð haldast óbreytt.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1954.

Utanríkisráðuneytið, 1. október 1953.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

GJALDSKRÁ

180

1. okt.

fyrir Rafveitu Eyrarsveitar.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarsveitar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst. fyrir alla notkun á heimilinu, auk fasta-gjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði á hvert íbúðarherbergi. Til íbúðarherbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús eða geymslur.

Herbergi, sem er minna en 6 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Til vélareksturs.

Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst. Sé notkunartími vélanna mjög stuttur, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

180

D. Til bökunarofna í brauðgerðarhús.

1. okt. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., enda sé þá heimilt að rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

E. Til götu- og hafnarlýsingar.

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveðst samkvæmt samningi við hreppsnefnd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 4.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 9.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, á þann hátt, sem hér segir:

<i>Rúmmál húss m³:</i>		<i>Heimtaugargjald jarðstrengs:</i>	
Frá	0 allt að 100	kr.	700.00
—	100 — — 150	—	800.00
—	150 — — 200	—	900.00
—	200 — — 250	—	1000.00
—	250 — — 300	—	1100.00
—	300 — — 350	—	1200.00
—	350 — — 400	—	1300.00
—	400 — — 450	—	1400.00
—	450 — — 500	—	1500.00
—	500 — — 550	—	1600.00
—	550 — — 600	—	1700.00
—	600 — — 650	—	1800.00
—	650 — — 700	—	1900.00
—	700 — — 750	—	2000.00
—	750 — — 800	—	2100.00
—	800 — — 850	—	2200.00
—	850 — — 900	—	2300.00
—	900 — — 1000	—	2450.00
—	1000 — — 1200	—	2700.00
—	1200 — — 1500	—	3000.00
—	1500 — — 2000	—	3300.00
—	2000 og þar yfir	—	3700.00

Fyrir loftlínu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meira

en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða 180 kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsum, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í útihús á byggingarlóð íbúðarhúss, telst hún aukaheimtaug í húsið. 1. okt.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. október 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

181
3. okt.

um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda þorskveiðar með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða dragnót, sbr. þó 9. gr.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

- I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og salta aflann um borð.
- II. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með netjum og salta aflann um borð.
- III. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og netjum og salta aflann um borð.
- IV. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
- V. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með netjum og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
- VI. flokkur: Skip yfir 30 rúml., sem stunda veiðar með línu og netjum og leggja aflann nýjan eða ísaðan á land hérlendis.
- VII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.
- VIII. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með netjum.
- IX. flokkur: Skip 12—30 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu og netjum.
- X. flokkur: Skip undir 12 rúml. þiljuð, sem stunda veiðar með línu.